



189. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 22. september 2011 og hófst kl. 16:00.
Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Gunnar Bragason gjaldkeri, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Þetta gerðist:

1. Íþróttaping ÍSÍ – þinggerð

Lögð fram undirrituð þinggerð 70. Íþróttapings ÍSÍ sem haldið var í Gullhömrum, Grafarholti dagana 8.-9. apríl sl.

2. Ólympísk verkefni

Vetrarólympíuleikar ungmenna - YOWG 2012

Friðrik skýrði frá því að Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ hefði sótt fararstjórafund vegna leikanna og að undirbúningur gengi samkvæmt áætlun. Skíðasamband Íslands hefur sent Afrekssviði ÍSÍ lista yfir þá keppendur sem koma til greina sem keppendur á leikunum.

London 2012

Forseti skýrði frá heimsókn borgarstjórnar í Hull og sendiherra Bretlands á Íslandi til ÍSÍ á dögunum. Á fundinum voru rædd ýmis sameiginleg hagsmunamál svo sem æfingabúðir og æfingamót fyrir leikana.

Örn Andrésson fór yfir stöðu mála varðandi mögulega keppendur á leikunum og undirbúning almennt. Áætlað er að halda stöðufund með sérsamböndum í október.

Smáþjóðaleikar 2015

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála varðandi keppnisgreinar á leikunum.

3. Afmæli ÍSÍ

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar lagði fram tillögur afmælisnefndar og óskaði eftir athugasemdum frá fundarmönnum. Í skoðun er að ráða verkefnisstjóra til að annast undirbúning afmælisins. Forseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra veitt umboð til að vinna frekar að málinu.

Framkvæmdastjóri sýndi tillögu að afmæli merki ÍSÍ, sem Björn Jónsson hjá Íslensku auglýsingastofunni hefur hannað. Fundarmenn samþykktu tillöguna og lýstu yfir ánægju sinni með merkið.

4. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 11. nóvember 2011 Sama dag verður haldinn óformlegur fundur með héraðssamböndum og íþróttabandalögum.

5. Heiðranir

Engar tillögur að heiðrunum liggja fyrir fundinum.

6. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

-188. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ

-Framkvæmdaráðs ÍSÍ 22. september 2011

- Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 5. september 2011

- Laganefndar ÍSí frá 13. september 2011. Tillögur um afgreiðslu samþykktar.
- Verkefnasjóðs ÍSí frá 22. september 2011. Tillögur til úthlutunar samþykktar.
- Alþjóðanefndar frá 22. september 2011
- Tölvunefndar ÍSí frá 23. ágúst 2011
- Minnisblað vegna ferðar til Innsbruck vegna YOWG 2012
- Ársskýrsla Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí 2010

7. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru fram að næsta fundi og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn föstudaginn 21. október nk. Í framhaldi af fundi stjórnar verður haldinn vinnufundur stjórnar.

Þar næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 10. nóvember nk., daginn fyrir Formannafund ÍSí.

9. Önnur mál

Tölvumál

Garðar Svansson upplýsti um viðræður Tölvunefndar ÍSí við Mentor varðandi möguleika á samstarfi um skráningarmál.

Getspá/Getraunir

Friðrik Einarsson lagði fram hugmynd um kynningarfund Getspár/Getrauna fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.

Könnun MMR

Friðrik Einarsson spurðist fyrir um könnun sem MMR annaðist fyrir ÍSí um ímynd ÍSí.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að verið væri að kanna möguleika á frekari nýtingu á könnunninni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari